



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þingsályktun 37/150

Forvarnaráætlun

Alfa Jóhannsdóttir
Forvarnafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga
Haust 2021



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þingsályktun, nr. 37/150

- Þingsályktunin felur í sér fyrstu heildstæðu stefnuna um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni á Íslandi.
- Áhersla á að forvarnir verði samþættar kennslu og skólastarfi á öllum skólastigum, sem og í starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva.



Þingsályktun, nr. 37/150


um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021-2025.



26 aðgerðir



6 efniskaflar



18 ábyrgðaraðilar



Þingsályktun, nr. 37/150

- A. Almennar aðgerðir.
- B. Forvarnir í leikskólum.
- C. Forvarnir í grunnskólum í samvinnu við heilsugæslu, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar.
- D. Forvarnir í framhaldsskólum.
- E. Forvarnir í íþróttá- og æslulýðsstarfi og öðru tómstundastarfi.
- F. Eftirfylgni og mat á árangri.



Aðgerðir tímasettar fyrir árslok 2021

A.1. Forvarnarfulltrúi taki til starfa

A.3. Ritstjóri hjá Menntamálastofnun

A.5. Aðgengi að námsefni og fræðsluefni

A.6. Mat á áhrifum aðgengis barna og ungmenna að klámi

C.1. Forvarnarteymi grunnskóla.

C.4. Þróun fræðsluefnis heilsugæslunnar.



Aðgerð A.4.

Aðgengi að námsefni og fræðsluefni.

Náms- og fræðsluefni sem styður við forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni í leik-, grunn- og framhaldsskólum verði aðgengilegt á einum stað og merkt sérstaklega í leitarbrunni á vefsvæði Menntamálastofnunar. Menntamálastofnun setji fram faglegar kröfur sem slíkt efni þarf að uppfylla til að hægt sé að hýsa það á vefsvæði stofnunarinnar. Lögð verði áhersla á að efnið byggist á gagnreyndum aðferðum.

- Mælikvarði: Náms- og fræðsluefni sem styður við forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni verði merkt sérstaklega í leitarbrunni á vefsvæði Menntamálastofnunar árið 2021.
- Kostnaðaráætlun: 1,5 millj. kr. vegna vinnu við vef.
- Ábyrgðaraðili: Menntamálastofnun.



Vefgátt Menntamálastofnunar
stoppofbeldi.namsefni.is



Vefgátt Menntamálastofnunar stoppofbeldi.namsefni.is



Forsíða

Leikskóli

Yngsta stig

Miðstig

Unglingastig

Framhaldsskóli

Annað efni

Hvert get ég leitað?



Leikskólastig

Hér er að finna námsefni fyrir nemendur á leikskólastigi.




Yngsta stig

Hér er að finna námsefni fyrir nemendur á yngsta stigi grunnskóla.



Miðstig

Hér er að finna námsefni fyrir nemendur á miðstigi grunnskóla.



Unglingastig



Framhaldsskóli



Annað efni



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Vefgátt Menntamálastofnunar stoppofbeldi.namsefni.is



Forsíða Leikskóli Yngsta stig **Miðstig** Unglingastig Framhaldsskóli Annað efni Hvert get ég leitað?



Ég, þú og við öll

Sögur og staðreyndir um jafnrétti. Aðferðir og hugtök sem nýtt eru til greiningar á kynjasmíð er einnig hægt að nota til að öðlast skilning á annars konar misrétti. Jafnrétti og mannréttindi eru samofin og jafnréttismenntun ein undirstaða lýðræðis og mannréttinda.

Útgefandi: Menntamálastofnun

Höfundur: Kolbrún Anna Björnsdóttir

Hvað: Nemendabók og kennsluleiðbeiningar á vef

Ég, þú og við öll

Ég, þú og við öll - kennsluleiðbeiningar



Litli Kompás

Litli-kompás – handbók um mannréttindamenntun fyrir börn! Má til að mynda skoða þessi verkefni.

- Orð sem særa
- Ofbeldi
- Kynjajafnrétti
- Fjölskyldan og aðrir umsjáraðilar

Útgefandi: Menntamálastofnun

Hvað: Kennsluverkefni á vef

Litli-Kompás



Vefgátt Menntamálastofnunar stoppofbeldi.namsefni.is



Forsíða Leikskóli Yngsta stig Miðstig Unglingastig **Framhaldsskóli** Annað efni Hvert get ég leitað?



Kynjafræði fyrir byrjendur

Kynjafræði fyrir byrjendur er kennslubók í kynjafræði fyrir framhaldsskóla. Viðfangsefni bókarinnar eru m.a. femínismi, karlafræði og hinseginfræði, og sérstakir kaflar eru um kyn og fjölmiðla og kynbundið ofbeldi.

Útgefandi: Forlagið

Höfundar: Þórður Kristinsson, Björk Þorgeirsdóttir

Hvað: Rafbók

[Kynjafræði fyrir byrjendur](#)



Huldukonur

Vefur þessi inniheldur afrakstur heimildasöfnunarverkefnisins *Huldukonur*. Hinsegin kynverund kvenna í íslenskum heimildum 1700–1960.

Vefnum er ætlað að vera upplýsingasíða fyrir áhugasaman almenning, upphafspunktur fyrir fræðimenn og nemendur sem leita heimilda um [hinsegin kynverund](#) kvenna á tímabilinu 1700–1960, og [efnisveita fyrir kennara](#) sem vilja fjalla um hinseginleika í sögu- og sagnfræðikennslu. Umfjöllunin er ekki tæmandi og hér er ekki um að ræða lokaniðurstöðu rannsóknar. Þvert á móti er það von aðstandenda að vefurinn verði stökkpallur fyrir frekari rannsóknir á hinsegin kynverund kvenna á tímabilinu 1700–1960.

Höfundar: Ásta Kristín Benediktsdóttir, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir og Íris Ellenberger.

Hvað: Vefur

[Huldukonur](#)



Aðgerð A.6.

Mat á áhrifum aðgengis barna og ungmenna að klámi.

Framkvæmt verði mat á áhrifum stafræns aðgengis barna og ungmenna að klámi á heilsu þeirra og líðan. Matið verði notað til að gera tillögur að aðgerðum sem stuðla að kynheilbrigði ungs fólks.

- Mælikvarði: Mat hafi verið framkvæmt og niðurstöður liggja fyrir við árslok 2021.
- Kostnaðaráætlun: 3 millj. kr. á árinu 2021.
- Ábyrgðaraðili: Heilbrigðisráðuneyti.



Aðgerð C.4.

Þróun fræðsluefnis heilsugæslunnar.

Samhliða aðgerð C.3 verði farið heildstætt yfir fræðsluefni sem nýtt er af skólahjúkrunarfræðingum og stuðlar að forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Efnið verði uppfært eftir því sem við á og þróað nýtt fræðsluefni sem lýtur einkum að samskiptum, kynheilbrigði og kynhegðun, með hliðsjón af notkun barna og unglunga á stafrænni tækni. Tekið verði tillit til ólíkra þarfa og aðstæðna kynjanna og mismunandi einstaklinga og hópa, svo sem fatlaðra barna, hinsegin barna og barna sem hafa annað móðurmál en íslensku.

- Mælikvarði: Fræðsluefni skólahjúkrunarfræðinga hafi verið uppfært og nýtt efni þróað fyrir árslok 2021.
- Kostnaðaráætlun: 2 millj. kr. árið 2021.
- Ábyrgðaraðili: Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu.



Aðgerð C.1.

Forvarnateymi grunnskóla.

Í hverjum grunnskóla starfi teymi sem hafi það hlutverk að tryggja kennslu í öllum árgöngum um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og þroska nemenda. Teymið verði kennurum og öðru starfsfólki til stuðnings og ráðgjafar varðandi fræðslu og umræðu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og sjái einnig um að tryggja viðunandi þekkingu og þjálfun starfsfólks. Teymið leitist jafnframt við að tryggja samhæfð viðbrögð starfsfólks með tilliti til ólíkra hópa og ólíkra einstaklinga í tilfellum þar sem börn reyna að greina frá ofbeldi og áreitni. Sérstaklega verði horft eftir merkjum um slíkt í tengslum við umfjöllun sem tengist forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Hvert teymi verði skipað með eftirfarandi hætti, þó eftir því sem við á innan hvers skóla: **stjórnandi, kennari með þekkingu á málaflokknum, skólahjúkrunarfræðingur, skólasálfræðingur, þroskaþjálfari/sérkennari eða annar aðili sem ber ábyrgð á sérkennslu, námsráðgjafi, tengiliður við frístundaheimili og/eða tengiliður við félagsmiðstöð og tengiliður við félagsþjónustu.** Teymið verði jafnframt tengiliður við skólaskrifstofur sem sjái um að miðla þekkingu og fræðslu. Skólaskrifstofur fylgi því eftir að innan hvers skóla verði starfrækt slíkt teymi.

- *Mælikvarði:* Teymi verði starfrækt í hverjum grunnskóla fyrir árslok 2021.
- *Kostnaðaráætlun:* Innan ramma.
- *Ábyrgðaraðili:* Skólastjórar grunnskóla og skólaskrifstofur sveitarfélaga.



Aðgerð A.4.

Netnámskeið fyrir fólk sem starfar með börnum og ungmennum.

Útbúið verði gagnvirkt netnámskeið með grunnfræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni fyrir fólk sem starfar með börnum og ungmennum. Efnistöð byggist á efni sem hefur verið unnið í tengslum við námskeiðið Verndum þau en höfundar þess eru sérfræðingar í Barnahúsi. Námskeiðið verði í fjórum útgáfum með eftirfarandi markhópa í huga: 1) leikskóla, 2) yngri bekki grunnskóla ásamt frístundaheimilum, 3) eldri bekki grunnskóla ásamt félagsmiðstöðvum og 4) framhaldsskóla. Þá verði útbúið viðbótarefni sem beinist sérstaklega að fagaðilum sem starfa með fötluðum börnum og ungmennum. Byggt verði á netnámskeiði í barnavernd sem útbúið var fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Þó verði lögð megináhersla á eðli og afleiðingar kynferðislegs og kynbundins ofbeldis og áreitni. Námskeiðið verði hannað með þeim hætti að stjórnendur geti fylgst með að starfsfólk hafi lokið námskeiðinu og að Barnaverndarstofa fái sjálfkrafa upplýsingar um heildarfjölda þeirra sem taka námskeiðið.

- Mælikvarði: Netnámskeið verði tilbúin árið 2022.
- Kostnaðaráætlun: 4 millj. kr. á árinu 2021, 4 millj. kr. á árinu 2022 og 0,5 millj. kr. á árunum 2023–2025 til að tryggja eftirfylgni.
- Ábyrgðaraðili: Barnaverndarstofa (Barnahús).



Æskulýðsvettvangurinn - netnámskeið

aev.is



 Æskulýðsvettvangurinn

Barnavernd - netnámskeið

Markmiðið með námskeiðinu er að auka þekkingu starfsfólks og sjálfbóðaliða í íþrótta- og æskulýðsfélögum um land allt á einelti, ofbeldi og áreitni sem börn og ungmenni geta orðið fyrir og afleiðingunum af því.

Það er mikilvægt fyrir alla þá sem starfa með börnum og ungmennum að vera meðvituð um skyldur sínar og ábyrgð.

Starfsfólk og sjálfbóðaliðar sem vinna með börnum og ungmennum þurfa að þekkja mismunandi birtingarmyndir kynferðisofbeldis, eineltis, vanrækslu og annars ofbeldis sem börn og ungmenni geta orðið fyrir og vita hvernig bregðast eigi við þegar slíkt kemur upp.

Tilgangurinn með því að auka þekkingu starfsfólks og sjálfbóðaliða sem starfa með börnum og ungmennum á einelti, ofbeldi og áreitni sem þau geta orðið fyrir er að reyna að koma í veg fyrir að slíkt komi upp í íþrótta- og æskulýðsstarfi og gera börnum og ungmennum auðveldara með að fá úrlausn slíkra mála þegar þau koma upp.

Námskeiðið skiptist í tíu kafla og inniheldur fræðslu um líkamlegt og andlegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi, vanrækslu, samskiptavanda og einelti - og hvernig bregðast eigi við grun um slíkt, með áherslu á börn og ungmenni. Í lok hvers kafla er stutt krossapróf sem þarf að ljúka til þess að halda áfram. Að loknu námskeiðinu geta þátttakendur fengið skírteini með staðfestingu á því að þeir hafi lokið námskeiðinu.

Netnámskeið Æskulýðsvettvangsins í barnavernd er öllum opið og það er ókeypis.

[OPNA VEF NETNÁMSKEIÐSINS](#)



Hlutverk forvarnarfulltrúa:

- Að styðja við framkvæmd aðgerðaráætlunar.
- Að fylgja því eftir að forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni gegn börnum og ungmennum séu samþættar inn í kennslu og skólastarf á öllum skólastigum, svo og í starfi frístundaheimila og félagsmiðstöðva.
- Að taka árlega saman upplýsingar um framgang ályktunarinnar og kynna fyrir samhæfingarhópi forsætisráðuneytisins sem og heildstæða samantekt í tengslum við mótun nýrrar aðgerðaráætlunar.





Helstu verkefni forvarnarfulltrúa:

- Stuðningur við stefnumótun og samþættingu.
- Stuðningur við skólaskrifstofur, skóla, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar.
- Stuðningur við framhaldsskóla.
- Stuðningur við stjórnendur félaga og stofnana sem starfa með fötluðum börnum og ungmennum.
- Eftirfylgni á mat á árangri og aðgerðaráætlun 2026-2030.



Mælaborð um stöðu aðgerða í forvarnaráætlun gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

Heildarfjöldi aðgerða er 26 - staða þeirra er eftirfarandi í október 2021



Takk fyrir mig.

Netfang: alfa@samband.is

Sími: 515-4954

